

STARFSÁÆTLUN

Félagsmálasviðs 2020

MÁLAFLOKKUR 02



Eyrún Rafnsdóttir
Félagsmálastjóri

Innihald

1.Leiðarljós.....	3
2.Hlutverk.....	3
3.Helstu verkefni og innra starf	4
4.Lokin verkefni ársins 2019.....	4
5.Meginverkefni næsta árs (2020).....	6
6. Lykiltölur/mælikvarðar	9
7. Þriggja ára áætlun.....	11

Starfsáætlun fyrir félagsmálasvið

1. Leiðarljós

Við framkvæmd félagsþjónustunnar skal þess gætt að hvetja einstaklinginn til ábyrgðar á sjálfum sér og öðrum, virða sjálfsákvörðunarrétt hans og styrkja til sjálfshjálpar.

Leiðarljós Félagsþjónustusviðs er:

Félagsþjónusta sveitarfélaga er lögboðin. Með þeim eru ríkar skyldur lagðar á sveitarfélögin. Umfang og framkvæmd félagsþjónustu er að mestu leyti á höndum sveitarstjórnar og þeirrar nefndar sem hún felur framkvæmd þjónustunnar en það er Félagsmálaráð. Við framkvæmd málaflokksins hefur Félagsþjónustusvið Dalvíkurbyggðar að leiðarljósi þau meginmarkmið sem birtast í lögum og samþykktum Sveitarstjórnar. Samkvæmt lögum um félagsþjónustu nr. 80/2018 kemur fram að markmið félagsþjónustu á vegum sveitarfélaga sé að tryggja fjárhagslegt og félagslegt öryggi og stuðla að velferð íbúa á grundvelli samhjálp. Skal það gert með því:

- að bæta lífskjör þeirra sem standa höllum fæti.
- að tryggja þroskavænleg uppeldiskilyrði barna og ungmenna
- að grípa til aðgerða til að koma í veg fyrir félagsleg vandamál.

2. Hlutverk

Starfsmenn skulu stuðla að því að þjónusta sé í stöðugri endurskoðun með það að leiðarljósi að hún sé sveigjanleg og geti mætt kröfum um breyttar áherslur, vinnulag og tækni

Helstu hlutverk félagsmálasviðs eru:

- stuðla að því að Félagsþjónustusvið Dalvíkurbyggðar veiti góða þjónustu með sem hagkvæmasta hætti
- stuðla að því að þjónustan sé í stöðugri endurskoðun með það að leiðarljósi að hún sé sveigjanleg og geti mætt kröfum um breyttar áherslur, vinnulag, tækni, nýjungar og fleira.
- sjá til þess að þjónustan sé sem aðgengilegust og skilvirkust s.s. fastir viðtalstímar einu sinni í viku hjá félagsmálastjóra og ráðgjafa
- vinna að því markmiði að gera góða þjónustu betri. Vera opin fyrir ábendingum, breytingum og nýjungum efla samhæfingu og samstarf við aðra sem sinna velferðarmálum innan sveitarfélagsins og utan þess
- auka hæfni og starfsánægju starfsmanna félagsþjónustusviðs með því að stuðla að aukinni þekkingu og færni þeirra á viðfangsefninu, með því að senda starfsmenn á námskeið og ráðstefnur
- vinna gegn fordómum og stuðla að bættri ímynd þjónustunnar með aukinni kynningu
- leggja áherslu á ráðgjöf, forvarnir og jafnrétti til að auka þátttöku einstaklinga í samfélaginu

- auka nýsköpun og tækni í félagsþjónustu og vera í forystuhlutverki velferðartækni framtíðar
- Þessu til viðbótar er leitast við að virða ákvæði sáttmála Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins eftir því sem við á hverju sinni, svo og að gæta jafnræðis meðal karla og kvenna við úrlausn mála.

3. Helstu verkefni og innra starf

- Félagsleg ráðgjöf til allra íbúa sveitarfélagsins
- Fjárhagsaðstoð
- Þjónusta við aldraða
- Félagsleg heimaþjónusta
- Utanumhald, útreikningur og greiðslur sérstakra húsnæðisbóta
- Barnavernd
- Málefni barna og ungmenna
- Þjónusta við fatlaða
- Félagslegar íbúðir
- Forvarnir
- Jafnréttismál
- Vímuvarnir og aðstoð við einstaklinga með fíknivanda
- Samvinna við aðrar þjónustustofnanir s.s. grunnskóla, leikskóla, heilsugæslu, lögreglu, réttindagæslu fatlaðra, Sjúkrahúsið á Akureyri, Vinnumálastofnun, meðferðarstofnanir
- Nemendarverndarráð
- Samvinna við Fjallabyggð vegna barnaverndar og málefna fatlaðra
- Ráðgjöf og stoðþjónusta við aðrar stofnanir sveitarfélagsins og samvinna við fræðsluvið
- Félagsmálaráð og barnaverndarnefnd Dalvíkurbyggðar og Fjallabyggðar
- Fundir framkvæmdastjórnar og starfsmannafundir, ýmsir tilfallandi vinnuhópar.

4. Lokin verkefni ársins 2019

Nokkur lokin verkefni yfirstandandi árs (2019) sem eru fyrir utan hefðbundna þjónustu sem sviðið veitir daglega:

- Tryggð var samvinna við sálfræðinga sem hægt er að vísa til, bæði fullorðna og vegna greiningarvinnu fyrir börn. Einnig áframhaldandi samstarf við fjölskylduráðgjafa.
- Fundað var reglulega með starfsmönnum félagsþjónustu Fjallabyggðar
- Bætt var við starfshlutfalli í heimilisþjónustu
- Reglur sviðsins endurskoðaðar að hluta og í ferli að taka fyrir í félagsmálaráði
- Nýr samningur var gerður við Dalbæ vegna dagþjónustu sem og vegna bílakaupa.
- Boðið var upp á viðtalsdaga á hverjum miðvikudegi fyrir íbúa sveitarfélagsins
- Afar fáir einstaklingar eru með fasta fjárhagsaðstoð mánaðarlega í sveitarfélaginu á árinu, fólk aðstoðað við önnur úrræði.

- Jólaúthlutun og samstarf við Mæðrastyrksnefnd, Hjálparstarf kirkjunnar og Hjálpræðisherinn afar ánægjuleg
- Gerð voru þjónustumöt vegna umsókna eldri borgara á Dvalarheimili
- Send voru út kynningarrit um heimilisþjónustu og aðra þjónustu við eldri borgara
- Samvinna við heilsugæsluna og grunnskólana vegna forvarnarmála s.s.kynfræðsla frá Siggu Dögg, fuck me fuck you fræðsla, fræðsla um rafrettur og leiksýningar
- Teymisvinna með skóla og heilsugæslu vegna málefna barna og fjölskyldna þeirra. Hefur borið mikinn og góðan árangur fyrir börnin sem um ræðir og fjölskyldur þeirra. Gaman er að segja frá því að Dalvíkurbyggð hóf þessa vegferð fyrir 2 árum en komst í fast og gott ferli árið 2017.
- Húsnæðismál og bygging húsnæðis fyrir fötluð ungmenni í sveitarfélaginu er komið af stað, búið er að halda nokkra fundi með þjónustuþegum og foreldrum þeirra. áætlað er að húsin verði tilbúin til afhendingar í kringum áramótin.
- Viðtöl voru tekin við hvern þjónustunotanda og forráðamenn ef þess var óskað varðandi þjónustu í kringum búsetukjarnan.
- Samvinna við Vinnumálastofnun vegna atvinnu með stuðningi
- Gerð hefur verið þjónustumat fyrir alla einstaklinga sveitarfélagsins sem fötlun og metin þjónustuþörf þeirra í nútíð og til framtíðar. Þetta er áætlanir sem eru í stöðugu endurmati.
- Sótt var um SIS mat fyrir fleiri einstaklinga sem og endurmat fyrir aðra
- Ráðgjöf veitt í leik- og grunnskóla
- Unnið úr greiningarlistum fyrir Grunnskóla og leikskóla
- Sumarvinna fatlaðra framhaldsskólanema tókst með ágætum, flestir fengu vinnu part úr sumri.
- Eftirfylgni með fjárhagsáætlun, mánaðarlegir fjármálafundir og skil á stöðumötum vegna þess.
- Ferðaðþjónusta fatlaðra sinnti akstri fyrir þjónustuþega í starfstengt nám í framhaldsskóla sem og í sumarvinnu í Iðjuna á Siglufirði og sumarvinnu á Dalvík
- Samningur gerður við stuðningsfjölskyldur í barnaverndarmálum og börn fara reglulega í vistun
- Sérlega mikil þörf hefur verið fyrir einstaklingsþjónustu s.s. ráðgjafa og persónulega tilsjón í sveitarfélaginu, erfitt hefur verið að manna þá þjónustu og oft á tíðum standa starfsmenn ráðþrota gagnvart því verkefni. Þess konar mál taka jafnan mikinn tíma hjá mörgum starfsmönnum
- Stofnað var öldungaráð og fundað.
- Óskað var eftir tilnefningum í notendaráð fatlaðra
- Sumarið gekk vel í heimilisþjónustu
- Stigin voru mikilvæg skref í átt að heilsueflandi heimilisþjónustu þar sem áherslan var lögð á þarfir íbúa en er ekki lengur einungis þrifabjónusta. Það er sérlega ánægjulegt að sjá og upplifa þegar starfsmenn fara á ráðstefnur og námskeið með starfsfólki annara sveitarfélaga hversu framarlega við erum í þjónustu og hversu mikið okkar starfsfólk leggur sig fram um persónulega þjónustu og umhyggju við neytendur.
- Svipaður málafjöldi var í barnaverndinni en málin voru mun þyngri en undanfarin ár s.s vistun barns á neyðarvistun Stuðla, andlát ungra feðra, heimilisofbeldi, brottvikning

heimilismanns, börn fjarlægð af heimili og stuðningsfjölskyldur þeirra vegna. Einnig aukinn stuðningur við fjölskyldur.

- Samráðsfundir voru haldnir vegna forvarnarmála með fulltrúa frá heilsugæslu, íþrótt og æskulýðsfulltrúa, grunnskóla þar sem línan var lögð í áherslum á forvarnir fyrir börnin í sveitarfélaginu og foreldra þeirra.

5. Meginverkefni næsta árs (2020)

5.1 Verkefni sem byrjað var á 2019 sem mögulega halda áfram inn á árið 2020:

- Áframhaldandi innleiðing þjónandi leiðsagnar – fræðslufundir fyrir foreldra fatlaðra ungmenna og starfsmenn félagsmálasviðs.
- Þróun og mótun starfseminnar í kringum íbúðarkjarnann í Lokastíg
- Vinna með heimsmarkmið sameinuðupjóðanna í starfs- og fjárhagsáætlunargerð
- Tiltekt í tölvum – lokun mál í One-system er komin langt á veg og hefur mikið gerst í þeim efnum sl. ár
- Halda áfram samvinnu við fjölskylduráðgjafa á Akureyri, samstarf við sálfræðing sem og handleiðsla frá félagsráðgjafa
- Áframhaldandi samvinna við Mæðrastyrksnefnd, Hjálpræðisherinn og kirkjuna vegna jólaúthlutunar
- Halda áfram góðri samvinnu heimahjúkrunar og heimilisþjónustu varðandi sameiginlega skjólstaðinga
- Áfram haldið við að leita lausna í akstursmálum aldraðra
- Vinna að framtíðarlausn fyrir lengda viðveru fatlaðra grunn- og framhaldskólanema
-

5.2 Samstarfsverkefni með öðrum sviðum og/eða stofnunum árið 2020:

- Eldvarnareftirlit
- Fjarverusamtöl—hluti af Mannauðsstefnu og stjórnendahandbók.
- Sameiginleg stjórnendafræðsla og starfsdagur allra starfsmanna sveitarfélagsins
- Samvinna við fræðslusvið vegna úthlutana úr Velferðarsjóði Dalvíkurbyggðar
- Reglulegir samráðsfundir félags og fræðslusviðs
- Nemendaverndarráðsfundir með fræðslusviði
- Ráðgjöf þroskaþjálfara í leik- og grunnskólum
- Teymisfundir vegna barna/einstaklingar í samvinnu við fræðslusvið, grunnskóla og heilsugæslu
- Vikulegir fundir í framkvæmdarráði
- Reglulegir fjármálafundir með sviðsstjóra fjármála- og stjórnsýslusviðs sem og sveitarstjóra
- Yfirferð yfir íbúaskrá og beiðni um leiðréttingar í framhaldi þeirrar vinnu
- mánaðarlegir samráðsfundir með heilsugæslu. 2 sinnum á ári fundir með stærri hóp samstarfsaðila
- samvinna við Fjallabyggð vegna barnaverndar og málefnum fatlaðra
- heilsuefandi Dalvíkurbyggð

- Aðgengismál fatlaðra í samvinnu við Umhverfissvið
- Fjölmennning – hvaða stefnu á Dalvíkurbyggð að móta sér
- Forvarnarverkefni – sameiginleg með grunnskóla, félagsmiðstöð og skólahjúkrunarfræðingi. Forvarnarverkefnin verða þó ekki bara fyrir grunnskóla heldur alla íbúa sveitarfélagsins.
- Persónuverndarstefnan, áframhaldandi vinna
- Endurskoðun á jafnlaunavottun og skoðun vegna þess
- Móta stefnu í málefnum ungmenna 16-18 ára sem ekki fá sumarvinnu eða fasta vinnu – samvinna við fræðslusvið sem og umhverfissvið.

5.3 Ný verkefni og verkefni í sívinnslu inn á árið 2020:

- Fylgja eftir nýjum félagsþjónustulögum sem tóku gildi 1. október 2018 en þar er um talsverðar breytingar að ræða á skyldum sveitarfélaga og öðrum nýjum lögum sem hafa komið inn á árinu 2019. Vinna að nýjum reglum fyrir Dalvíkurbyggð út frá þeim. Samvinna við Fjallabyggð með reglur vegna málefna fatlaðra.
- Halda áfram að svara erindum á íbúagátt og vera virkar og skoða One Portal
- Festa starfsdaga 2-3 á ári fyrir starfsmenn félagsmálasviðs til að fara yfir sérstök málefni sem allir þurfa að vera meðvitaðir um, skipuleggja okkur betur sem skilar sér í skilvirkari þjónustu
- Kanna starfslýsingar og uppbyggingu í starfsmannahaldi í öðrum sveitarfélögum þannig að hugsanlega verði hægt að ráða starfsmann í herra starfshlutfall en með breytilega verkskyldu svo auðveldara verði að ráða í liðveislustörf, persónulega ráðgjöf o.þ.h. Hugsanlega með samvinnu við grunnskólann
- Festa niður starfsdag með öllum starfsmönnum félagsþjónustu Dalvíkur- og Fjallabyggðar sem starfa á þjónustusvæðinu.
- Setja upp áætlun um hvernig við ætlum að virkja einstaklinga sem eiga ekki lengur rétt á atvinnuleysisbótum, eru að bíða eftir úrræðum frá TR, Virk eða Starfsendurhæfingu Norðurlands og eru komin inn á fjárhagsaðstoð
- Eiga samskipti við fyrirtæki hjá sveitarfélaginu með mögulega samninga í huga vegna einstaklinga sem eru á fastri fjárhagsaðstoð
- Halda áfram að vinna að þeim góða liðsanda sem er meðal starfsmanna heimilisþjónustu. Samvinna heildarinnar skapar ánægðari og sterkari starfsmenn
- Heimsækja notendur þjónustunnar 1x á ári, þá væri t.d. hægt að aðstoða fólk við að gera tekjuáætlun TR.
- Halda áfram að þróa heimsóknarþjónustu og heilsueflandi heimilisþjónustu sem er að gefast vel.
- Yfirfara og gera þjónustumat sem notað er í hvert sinn sem einstaklingur sækir um heimilisþjónustu.
- Kynna fyrir eldri borgurum þá þjónustu sem félagsþjónustan getur veitt þeim, senda kynningarrit á hvert heimili í sveitarfélaginu.
- Hitta umsækjendur um dvalarrými áður en vistunarmöt eru gerð.

- Vera í góðum samskiptum við Dalbæ, - dagvistina og og tómstundastarfið. Huga að því hvernig megi bæta og/eða breyta þjónustunni þannig að hún nýtist fleirum.
- Þjónandi leiðsögn – meiri kraft / skipulag
- Endurskoða og meta umsóknir vegna NPA þjónustu
- Vinnumálastofnun (VMST) hefur nú tekið yfir atvinnumálum fatlaðra 18 ára og eldri. VMST sér um að leita að vinnu, gera samninga við fyrirtæki og notendur en ráðgjafi mun halda áfram að sjá um eftirfylgni og eftirlit. Mikil samvinna á milli stofnana.
- Sækja um SIS mat fyrir fleiri einstaklinga, ásamt endurnýjun á mati fyrir þá sem eiga gömul mót.
- Veita ráðgjöf í leik- og grunnskóla vegna fatlaðra barna og barna með frávik af ýmsum toga og veita snemmtæka íhlutun.
- Samstarf við framhaldsskóla
- Mikilvægt er að fá starfsmenn af báðum kynjum til starfa við félagsþjónustuna
- Stefnt er að starfsmannafundum fyrir liðveislu 1x á ári núna fyrsta árið og auka þá fundartíma jafnt og þétt ef þörf þykir á.
- Vinna að því jafnt og þétt að fleiri þjónustuþegar fari í vinnu í Iðjunni á Siglufirði
- Þjóða upp á fræðslu í samvinnu við Fjölmennit/Símey fyrir fötluð ungmenni t.d. líkaminn minn, sjálfsmennska, fjármálalæsi, matreiðslunámskeið, námskeið tengd áhugamálum þeirra .
- Halda reglulega samráðsfundi með foreldrum fatlaðra ungmenna
- Gera notendasamninga við fatlaða einstaklinga
- Kynningarfundir um barnavernd í stofnunum Dalvíkurbyggðar
- Kynna starf persónulegs ráðgjafa, tilsjónar inn á heimili, stuðningsfjölskyldu, liðveitenda á einhvern nýjan spennandi hátt því félagsþjónustu vantar alltaf starfsfólk í slíka vinnu
- Ýmis forvarnarverkefni s.s. hvað varðar sjálfsmynd unglinga, svefn og mataræði, rafrettur og notkun þeirra, ábyrgð foreldra, horfa til virkni eldri borgara
- Halda fund með félögum og samstarfsaðilum samkvæmt forvarnarstefnu Dalvíkurbyggðar
- Fylgja eftir jafnréttisáætlun Dalvíkurbyggðar
- Fylgja eftir samningi við lögregluembættið um heimilisofbeldi
- Fara reglulega yfir mannréttindastefnu Dalvíkurbyggðar sem og forvarnarstefnu sveitarfélagsins
- Þjóða leik- og grunnskólum upp á fyrirlestur og fræðslu um þjónandi leiðsögn
- Gera reglur um úthlutun félagslegra leiguíbúða
- Stofna þarf notendaráð þar sem fulltrúar eru hagsmunasamtök notenda félagsþjónustunnar. Á þessari stundu er ekki ljóst hvað átt er við með þessar lagagrein
- Einnig þarf að stofna samráðshóp um málefni fatlaðs fólks þar sem fjallað er um þjónustu við fatlað fólk, framkvæmd og þróun þjónustunnar. Í samráðshópnum skulu að lágmarki sitja 3 fulltrúar kosnir af sveitarstjórn og 3 fulltrúar tilnefndir af hagsmunasamtökum fatlaðs fólks. Eigi tvö eða fleiri sveitarfélög samstarf um þjónustuna þarf að koma sér saman um samsetningu hópans.

6. Lykiltölur/mælikvarðar

Fjöldi starfsmanna á sviðinu og fjárhagsáætlun hvers árs. Hér er stuðst við rauntölur frá janúar – september 2019.

	2015	2016	2017	2018	2019
Starfsmenn	2,5	2,5	2,5	2,5	2,5
Fjárhagsáætlun	106.251	152.374	144.72	145.219	177.145
Framfærslustyrkur, grunnfjárhæðir og fjöldi heimila.					
Framfærsla	2015	2016	2017	2018	2019
Einstaklingar	144.826	149.171	152.027	153.552	158.005
Hjón	231.718	238.670	243.239	245.679	252.804
Neyðaraðstoð	36.206	37.292	38.006	38.120	39.500
Sameiginlegt heimilishald	86.894	89.501	91.215	92.130	94.802
Fjárhagsaðstoð heildarupphæð					
Fjárhagsaðstoð	13.225	13.092	5.307	6.038	7.197
Lán	0	0	0	0	0
Fjöldi heimila	38	38	25	22	24
Fjöldi heimila með heimilisþjónustu					
	2015	2016	2017	2018	2019
Fjárhagsáætlun	11.548		8.889		14.675
Endurgreiðsla	1.237	1.166	1.36	1.13	1.921
Fjöldi heimila	49	51	48	48	48
Þar af öryrkjar	6	10	6	6	3
Heimsendur matur (matabakkar)	5	7	8	6	6
Fjöldi stöðug.	2,6	2,7	2,8	2,8	2,45
Fjöldi starfsm.	9	8	9	9	9

Fjöldi barnaverndarmála					
	2015	2016	2017	2018	2019
Fjölsk. alls	15	14	14	15	24
Börn alls	20	16	21	28	31
Fjöldi tilkynn.	35	21	36	40	64
Fósturvistun	1	1	1	2	1
Meðferðarúrræði	1	0	0	0	1
Aðstoð á heimili	1	2	1	3	6

Þjónusta við fatlaða einstaklinga					
Liðveisla börn	2015	2016	2017	2018	2019
Fjöldi notenda	7	5	1	1	2
Fjöldi notenda á biðlista	3	2	2	2	2
Liðveisla fullorðnir / frekari liðveisla					
Fjöldi notenda	10	13	15	13	5
Fjöldi notenda á biðlista	2	4	4	5	0
Stuðningsfjölskyldur					
Fjöldi notenda	3	3	2	2	2
Fjöldi dvalarsólahringa	96	96	36	36	
Fjöldi notenda á biðlista	1	1	1	1	1
Skammtímvistun					
Fjöldi notenda	15	8	7	8	8
Fjöldi dvalarsólahringa	333	331	293	174	168
Lengd viðvera					
Fjöldi notenda	3	2	1	1	1
Fjöldi starfsmanna	1	1	1	1	0,5

Atvinna með stuðning					
Fjöldi notenda	5	11	10	10	12
með stuðning	0	1	1	1	2
án stuðnings	3	10	9	9	10
Fjöldi notenda allt árið	3	6	7	7	8
Fjöldi notenda yfir sumarið	2	5	3	3	4
Fjöldi notenda á biðlista	1	3	3	4	2
Sumarvinna fatlaðra ungmenna					
Fjöldi notenda	4	2	1	3	4
Fjöldi notenda á biðlista	1 að hlutatil			1	1
Hæfing / Iðja					
Fjöldi notenda	1	1	1	1	2
Fjöldi daga pr. viku	2	2	2	2	3
Fjöldi notenda á sumrin				1	2
Fjöldi notenda á biðlista	0	0	0	0	0
NPA samningu					
Fjöldi notenda	1	1	1	1	2
Fjöldi umsókna um NPA					2
* staðan í september 2019					

7. Þriggja ára áætlun

- Endurnýjun á bíl

Eyrún Rafnsdóttir,
Félagsmálastjóri

Dalvíkurbyggð 20.09.2019